

**5. fundur Skólaráðs – 4. júní 2019**

Mættir; Hrönn Bergþórsdóttir skólastjóri, Oddný Ármannsdóttir fulltrúar foreldra, Guðrún Jóna Guðlaugsdóttir, fulltrúi greindarsamfélags, Tara Ósk Markúsdóttir og Guðmundur Pétur Dungal fulltrúar nemendafélagsins voru fjarverandi, Margrét B. Gunnarsdóttir og Birna Dís Bjarnadóttir, fulltrúar kennara, Anna Kristín Jóhannesdóttir, aðstoðarskólastjóri. Svanhvít Valería, fulltrúi starfsmanna.

Dagskrá:

1. Ráðning aðstoðarskólastjóra
2. Niðurstöður nemenda/foreldra/starfsmannakannana
3. Niðurstöður starfsmannasamtala eins og staðan er
4. Frístundaheimilin – niðurstöður kannana og stytting opnunartíma
5. Niðurstöður vímuefnakönnunar
6. Brúin þróunarverkefni í vetur
7. Undirbúningur fyrir næsta skólaár
8. Önnur mál

1. Valgerður Júlíusdóttir hefur verið ráðin aðstoðarskólastjóri frá og með 1.8.2019 en Anna Kristín Jóhannesdóttir, hefur sagt starfi sínu lausu og mun kenna í 49,99% starfi næsta vetur í NHL veri.

2. Niðurstöður nemenda/foreldra/starfsmannakannana skoðaðar saman

3. Niðurstöður starfsmannasamtala. Kemur fram góð starfsánægja, gott samstarf og hjálpsemi, stjórnendur fá heilmikið hrós fyrir að huga vel að starfsmönnum, skipulagi og gott að leita til þeirra, láta sig varða um líðan og heilsu starfsmanna. Veturinn almennt gengið frekar vel víðast hvar. Grænfánaverkefnið styrkara, heilsuteymið á svipuðu róli, Brúin kemur ágætlega út þannig að fólk upplifir að eitthvað sé að gerast í þungum nemendamálum. NHL verið þétt setið og hjálpar mikið til með nemendum sem eru út fyrir kassann. Veröld hefur gengið vel í vetur og sama fólk áfram. Almennt margt gott að gerast og ný kynslóð að taka við með nýjum áskorunum. Fólk vill núvitund en við fengum styrk fyrir geðheilbriggt starfsfólk.

4. Frístundaheimilin – niðurstöður kannana skoðaðar og ræddar. Könnunin kom vel út. Almenn ánægja er meðal foreldra með samskipti við starfsfólk, með dagskrána og með og aðstöðuna.

Skólaráð leggur til að styttingu á opnunartíma Frístundarheimilanna með hag barna að leiðarljósi og þá umræðu sem hefur verið í samfélaginu með tilliti til styttingu á vinnuviku. Hafnarfjarðarbær mætti líka huga að því að stytta vinnuviku starfsmanna sinna. Skólaráð styður einróma við þessa tillögu.

5. Niðurstöður vímuefnakönnunar lagðar fram og skoðaðar. Könnunin var lögð fyrir 8. – 10. í febrúar 2019.

6. Brúin þróunarverkefni í vetur. Rætt um hvernig hefur gengið, verkefnið yfirfarið og hvað hefur áunnist með þessari miklu vinnu. Gefur tækifæri til að vinna í þungum málum í skóla og fulltrúi fjölskylduþjónustu getur unnið með foreldrum varðandi heimilið ef þess þarf. Valgerður og Stefanía voru teymisstjórar lausnateymisins.

7. Undirbúningur fyrir næsta skólaár. Búið að ráða í flestar stöður, nokkrir leiðbeinendur með Bed en allir háskólamenntaðir og flestir í kennaranáminu. Nýtt skipulag varðandi sérkennslu – teymisvinna kennara og minni námshópar.

Færnimiðaðir hópar í íslensku og stærðfræði í öllum árgöngum. Verið að innleiða teymiskennslu í skrefum.

8.Önnur mál

- Útboð varðandi matarmálin ekki lokið við vinnu við það.
- Rætt var um aukna mönnun sem bætir starfsaðstæður í Engidal Víðistaðaskóla

Fleira var ekki rætt fundi slitið kl. 9:40

Fundarritari Margrét B. Gunnarsdóttir